

Sjötti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 18. febrúar, 2015, klukkan 19:30 á Menntavísindasviði Háskóla Íslands við Stakkahlíð

Ólafur Proppé sagði frá skátahreyfingunni og því mikilvæga starfi sem hún gegnir. Bryndís Steinþórsdóttir var með Orð til umhugsunar.

Fundarsetning Eftir að Gammakonur höfðu komið sér fyrir setti Kristín Bjarnadóttir fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún byrjaði á að þakka Ólafi fyrir að gefa sér tíma til að koma og segja okkur frá því góða starfi sem skátahreyfingin á Íslandi er að vinna. Síðan fór Kristín aðeins yfir dagskrá fundarins. Þá var nafnakall. Alls sóttu 18 konur fundinn. Kristín flutti kveðjur frá nokkrum Gammasystrum sem sáu sér ekki fært um að vera með á fundinum. **Fundinn sátu** eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarisdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennsluk., Ragnhildur Þórarinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Fundargerð lesin Svana Friðriksdóttir las fundargerð síðasta fundar, hún var samþykkt.

Bryndís Steinþórsdóttir var með Orð til umhugsunar. Bryndís fjallaði m.a. um það hvernig það er að fara á eftirlaun. Hún minntist á að þegar hún var ung þá var það ekki sjálfgefið að stúlkur fengju að fara í nám. Hún byrjaði á að segja frá því að það hafi nánast verið tilviljun að hún menntaði sig til þess sem hún átti síðan eftir að starfa við. Hún heyrði auglýsingu í útvarpinu frá Hússtjórnarskólanum og ákvað að sækja um skólavist; hún fékk inngöngu og flutti til Reykjavíkur. Þetta var tveggja vetra nám og eitt sumar á Laugarvatni. Bryndís hafði mjög gaman af þessu námi. Skömmu síðar fór hún til Danmerkur og var þar við nám í eitt ár. Bryndís sagði að það hefði verið gaman að vera ung kona í Kaupmannahöfn. Eftir að Bryndís kom heim frá námi hóf hún sinn kennsluferil. Fyrstu árin starfaði hún við Gagnfræðaskóla verknáms en árið 1976 hóf hún störf við Fjölbautaskólann í Breiðholti sem var þá alveg ný stofnsettur. Þar þurfti Bryndís að byrja á því að skrifa námskrána, hún átti eftir að starfa við þennan skóla nánast þar til hún fór á eftirlaun.

Bryndís sagði okkur frá því að hún hefur alltaf nóg að gera eftir að hún fór á eftirlaun enda sinnir hún ýmsum störfum. Það kom fram hjá henni að maður verði að hafa stefnu, vita hvað mann langar að nýta tímann í. En maður verður að hafa fyrir því að finna þetta allt sjálfur, það kemur ekki til manns að fyrra bragði. Hún sagði jafnframt að kennarar væru almennt mjög duglegir að finna sér eitthvað til að gera. Bryndís las nokkur orð úr bókinni *Orð í gleði* sem Karl Sigurbjörnsson tók saman. Hún las m.a. orð um þakklæti og hve mikils virði það er að muna eftir að þakka fyrir. Sjónarhorn kíminnar virtust vera í fyrirrúmi því orðin sem Bryndís las voru glettin en um leið alvöruþrungin. Kristín þakkaði Bryndísi kærlega fyrir hennar orð.

Fyrirlesari kynntur Kristín Bjarnadóttir kynnti Ólaf Proppé, Ólafur er kennari að mennt, hann er einnig með doktorspróf í uppeldisfræðum. Ólafur var mjög ungur þegar hann var farinn að taka að sér ýmis störf fyrir skátahreyfinguna. Leiðir þeirra hafa legið saman á ýmsan hátt.

Ólafur sagði að skátahreyfingin væri grasrótarhreyfing. Hún er stærsta æskulýðs-hreyfing í heimi með yfir 40 milljónir starfandi skáta. Í raun er hún fyrst og fremst uppeldishreyfing fyrir börn og ungt fólk, þar sem mikil áhersla er á útivistarstarf. Þar er verið að leiðbeina börnum og ungu fólki og skapa þeim tækifæri. Skátastarfið er skipulagt fyrir ungt fólk á aldrinum 7-22 ára. Eftir 22 ára aldurinn fara skátar í önnur hlutverk innan hreyfingarinnar. Ólafur byrjaði að starfa með skátunum þegar hann var átta eða níu ára gamall. Hann sagði að hann hafi valið sitt lífsstarf eftir að hafa kynnst og starfað í skátahreyfingunni.

Skátahreyfingin á rætur rúmlega 100 ár aftur í tímann. Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna eru þrjú menntakerfi í öllum samfélögum. Það er: Formlegt menntakerfi, óformlegt menntakerfi og loks það sem Ólafur hefur þýtt sem formlaust nám. Skátastarfið er sem sagt viðbót við aðra reynslu, það stuðlar að sjálfstæði, virkni og ábyrgð einstaklingsins.

Grunngildi skátahreyfingarinnar eiga uppruna sinn í hugmyndum og skrifum Baden-Powell og eru þau af þrennum toga: Það eru í fyrsta lagi samfélagsleg gildi, þá er átt við að skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing. Í öðru lagi siðferðileg gildi, þau má finna í skátaheitinu og skátalögnum. Í þriðja lagi eru aðferðafræðileg gildi sem eru fólgin í Skátaaðferðinni, þar er fyrst og fremst átt við stigvaxandi sjálfsmenntun. Kjörorð skátahreyfingarinnar eru m.a. Gerum heiminn betri. Lærum allt lífið og Leiðtogi í eigin lífi.

Veitingar vorubornar á borð. Í boði voru nýbakaðar vöflur með rjóma og kaffi.

Síðan voru umræður, þær voru mjög áhugaverðar. Meðal annars var rætt um það að skátahreyfingin hafi gengið í gegnum ýmislegt undanfarin ár en alltaf lifir hún. Einnig var rætt um að skátastarfið væri svolítið karllægt, það var rætt um skátabúninginn, um tengingu hans o.fl. atriða innan skátahreyfingarinnar við hernað, sjálfbærni og fækkun innan

hreyfingarinnar og fleira. Í lokin nefndi Ólafur að skátahreyfingin hefði orð á sér fyrir að vera fær um að leysa stór verkefni vel af hendi m.a. að undirbúa stór alþjóðleg skátamót o.fl.

Fundarlök Kristín þakkaði Ólafi Proppé kærlega fyrir þessa fróðlegu kynningu, hún færði honum rós sem er tákni samtakanna í þakklætisskyni og kvaddi hann með skátahandtaki. Kristín sleit fundi og slökkti á kertum.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.